



# GYÐINGDÓMUR

– SÁTTMÁLI ÞJÓÐAR

Sigurður Ingi Ásgeirsson



TRÚARBRÖGÐ MANNKYNS

# GYÐINGDÓMUR

– SÁTTMÁLI ÞJÓÐAR

## Gyðingdómur – sáttmáli þjóðar

ISBN 978-9979-0-2194-0

© 2006 Sigurður Ingi Ásgeirsson

© 2006 Ljósmyndir eftir Sigurð Inga Ásgeirsson, Sherwood Burton og Itamar Yfírestur og ráðgjöf: Michael A. Levin

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2006

2. útgáfa 2008

3. útgáfa rafræn 2017

MENNTAMÁLASTOFNUN

Kópavogi

Umbrot og útlit: Námsgagnastofnun

## Efnisyfirlit

|   |                                   |    |
|---|-----------------------------------|----|
| 1 | Inngangur .....                   | 5  |
|   | Útbreiðsla trúarinnar .....       | 6  |
|   | Nafn trúarinnar .....             | 7  |
|   | Einn Guð .....                    | 7  |
| 2 | Upphaf trúarinnar .....           | 8  |
|   | Abraham .....                     | 8  |
|   | Sáttmálinn .....                  | 8  |
|   | Móse .....                        | 9  |
|   | Boðorðin tíu .....                | 11 |
| 3 | Fyrirheitna landið .....          | 12 |
|   | Ofsóknir .....                    | 13 |
|   | Dagbók Önnu Frank .....           | 13 |
|   | Stofnun Ísraelsríkis .....        | 14 |
| 4 | Helgirit .....                    | 15 |
|   | Tóra (Mósebækurnar) .....         | 15 |
|   | Nevi'im (Spámennirnir) .....      | 16 |
|   | Ketuvim (Ritin) .....             | 17 |
|   | Rit rabbína og fræðimanna .....   | 17 |
|   | Viska rabbínanna .....            | 18 |
|   | Messías .....                     | 18 |
|   | Ljós fyrir þjóðirnar .....        | 20 |
| 5 | Helgistaðir .....                 | 22 |
| 6 | Sýnagógan (samkunduhúsið) .....   | 24 |
|   | Rabbínar .....                    | 25 |
|   | Bar/Bat Mitzvah (fermingin) ..... | 25 |
|   | Hjónavígslur .....                | 27 |
|   | Andlát .....                      | 28 |
|   | Matarvenjur .....                 | 28 |



|   |                                 |    |
|---|---------------------------------|----|
| 7 | Heimilið .....                  | 29 |
|   | Bænalíf .....                   | 29 |
|   | Hvíldardagurinn (sabbat) .....  | 31 |
| 8 | Merkisdagar ársins .....        | 32 |
|   | Dagatalið .....                 | 32 |
|   | Hátíðir og helgidagar .....     | 32 |
|   | Háhelgidagar .....              | 33 |
|   | Shavuot (viknahátíðin) .....    | 34 |
|   | Sukkot (laufskálahátíðin) ..... | 34 |
|   | Hanukkah (ljóshátíðin) .....    | 35 |
|   | Púrím .....                     | 36 |
|   | Pesach (páskar) .....           | 38 |
|   | <br>                            |    |
|   | Mikilvæg ártöl .....            | 39 |
|   | Ítarefni .....                  | 40 |
|   | Atriðisorð .....                | 40 |

# 1 INNGANGUR



*Hasidic-gyðingar í Jerúsalem. Þeir tilheyra sértrúarflokki gyðinga, sem varð til í Póllandi á 18. öld. Hreyfingin leggur áherslu á að fylgja fyrirmælum gyðingdóms út í ystu æsar.*

Vafalítið hefur þú einhvern tíma heyrt minnst á gyðingdóm í skólanum. Hluti námsefnis í kristnum fræðum fjallar um sögu og kenningar gyðingdóms og kristnir menn líta svo á að gyðingdómur sé undanfari trúar þeirra. Og ef þú fylgist með heimsfréttunum hefur þú örugglega heyrt minnst á gyðinga, fylgjendur trúarinnar, því oft er sagt frá átökum milli þeirra og Palestínnumanna í Ísrael.

Þú hefur ef til vill lesið um gyðinga sem hafa unnið mikil afrek eða orðið þekktir á sínu sviði: Vísindamanninn Albert Einstein, málarann Marc Chagal, fiðluleikarann Yehudi Menuhin, sálfræðinginn Sigmund Freud, heimspekinginn Karl Marx eða kvikmyndagerðarmennina Woody Allen og Steven Spielberg. Ein frægasta persóna mannkynssögunnar, Jesús Kristur, var fæddur sem gyðingur og einnig allir helstu lærisveinar hans, því hver sá sem á gyðing að móður telst vera gyðingur.

Á ferðalögum þínum erlendis er ekki ólíklegt að þú hafir hitt gyðinga. Litlar líkur eru hins vegar á því að þú komist í kynni við gyðinga á Íslandi þar sem aðeins nokkrir eru búsettir hérlendis.

## Útbreiðsla trúarinnar

Gyðingar eru taldir vera um 14–18 milljónir talsins í heiminum öllum en það er um 0,04% jarðarbúa. Þetta er ekki há tala þegar haft er í huga að gyðingdómur er a.m.k. 3500 ára gömul trúarbrögð, meðal elstu trúarbragða heimsins. Fjöldi gyðinga er mun minni en fylgjenda hindúatrúar, búddhatrúar, kristindóms og islam, en fylgjendur þessara trúarbragða hverra um sig skipta hundruðum milljóna. Gyðingdómur telst þó án nokkurs vafa til helstu trúarbragða mannkyns vegna þess hve áhrif trúarinnar á menningu heimsins eru mikil, ekki síst á Vesturlöndum.

Þó svo að Ísrael sé eina landið þar sem gyðingdómur er ríkistrú búa flestir gyðingar í Bandaríkjunum, um 6 milljónir, eða 46% allra gyðinga í heiminum. Í Ísrael búa um 5 milljónir gyðinga.

Samfélög gyðinga má finna víða um heim því land þeirra var hertekið hvað eftir annað og íbúarnir herleiddir til margra landa. Í útleðinni gaf trúin þeim styrk og hélt menningu þeirra við lýði. Það var ekki fyrr en á síðustu öld, eftir meiri hörmungar en nokkur þjóð hefur þurft að líða, að gyðingar stofnsettu loks ríki sitt á ný í Ísrael.



„Ég er að læra hebresku til að undirbúa mig fyrir mitt bat mitzvah. Við búum til spjöld með hebresku letri og æfum okkur í að skrifa hebreska stafi. Ég þarf að kunna hebresku því við athöfnina á ég að lesa úr helgiritinu á frummálinu.“

Rebekka er 11 ára og á heima í Reykjavík.  
Bat mitzvah: Sjá bls. 25.

## Nafn trúarinnar

Til forna voru gyðingar kallaðir hebrear. Hebrear skiptust í tólf ættkvíslir. Þegar þeir settust að í Kanaanlandi fyrir rúmlega 3000 árum fékk hver ættkvísl yfirráð yfir sínum hluta landsins. Voldugasta ættin, Júda, ríkti yfir suðurhlutanum. Íbúar Júdaríkisins voru kallaðir júðar eða gyðingar og trúarbrögð þeirra gyðingdómur. Síðar festist nafnið við alla hebra og trú þeirra. Gyðingar eru líka nefndir Ísraelsbörn eða Ísraelsmenn því þeir voru afkomendur Jakobs en samkvæmt frásögn Biblíunnar breytti Guð nafni hans í Ísrael.

## Einn Guð

Gyðingdómur er eingyðistrú, trú á einn almáttugan Guð sem er skapari himins og jarðar. Í fornöld trúði fólk hins vegar á marga guði. Það tilbað líkneski sem áttu að tákna þessa guði. Í helgiritum gyðinga er lagt blátt bann við slíkri skurðgoðadýrkun:

*Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér, engar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eða því, sem er á jörðu niðri, eða því, sem er í vötnunum undir jörðinni.*

*(Önnur bók Móse 20:3–4)*

Þetta er það fyrsta af hinum tíu boðorðum sem gyðingar trúa að Guð hafi opinberað Móse á Sínaí fjalli. Nánar verður fjallað um boðorðin tíu seinna í þessari bók.

Guð Ísraelsmanna lætur sér annt um mannkynið. Hann fær útvöldum spámönnum það hlutverk að koma boðskap sínum á framfæri við mennina. Í gyðingdómi eru margir spámenn en Móse er talinn mestur þeirra allra. Tóra, aðal helgirit gyðinga, inniheldur kenningar hans. Við skulum byrja á því að kynna okkur líf Abrahams en gyðingar líta á hann sem upphafsmann trúar sinnar.

## 2 UPPHAF TRÚARINNAR



*Drengir í Ísrael hlusta á leikara túlka söguna um Abraham. Búningur leikarans á að líkjast fleim fötum sem Abraham klæddist en hann var hjarðmaður og bjó í sams konar tjaldi og sést á myndinni.*

### Abraham

Gyðingar líta á Abraham sem ættföður sinn. Það gera múslimar einnig. Sjálft nafnið Abraham bendir til þessa hlutverks. Það þýðir „faðir margra.“ Hann var uppi fyrir um það bil 4000 árum í Mesópótamíu (hluti af Írak). Fólkið í landinu trúði á skurðgoð, allir nema Abraham sem hafnaði trú á þau.

Samkvæmt frásögn Biblíunnar sagði Guð Abraham að yfirgefa föðurland sitt og halda ásamt fjölskyldu sinni til ókunnugs staðar. Abraham var á faraldsfæti árum saman ásamt fólki sínu þar til þau settust loks að í Kanaanlandi sem var nokkurn veginn á því svæði þar sem Ísrael er í dag.

### Sáttmálinn

Biblían greinir frá því að Guð gerði sáttmála við Abraham. Sáttmáli er samningur milli tveggja aðila. Guð hét því að vernda og



blessa Abraham og afkomendur hans en í staðinn yrðu þeir að hlýða lögum Guðs og vera trúir orði hans.

### Helgisögn um Abraham

*Faðir Abrahams, Terah, bjó til og seldi stytur af skurðgoðum. Abraham trúði ekki á skurðgoð, hann trúði á einn Guð. Dag einn þurfti Terah að skreppa frá og bað son sinn að líta eftir búðinni. Þegar faðir hans var farinn tók Abraham sleggju og mölvaði öll skurðgoðin nema stærstu styttuna. Faðir hans varð ævareidur þegar hann sá skurðgoðin í brotum á gólfinu. „Hvað ertu búinn að gera? Hvers vegna eyðilagðir þú skurðgoðin mín?“ Abraham sagði honum að skurðgoðin hefðu lent í slagsmálum og stærsta skurðgoðið hefði mölvað þau minni. „Láttu ekki eins og kjáni,“ sagði faðirinn. „Ég bjó þessi skurðgoð til. Þau eru ekki lifandi. Þau geta ekki gert neitt.“ Þá leit Abraham fast á föður sinn og sagði: „Af hverju ertu þá að tilbiðja þau?“*

### Móse

Móse var alinn upp við hirð faraó en svo nefndist konungurinn í Egyptalandi. Þá höfðu hebrear, sem seinna voru kallaðir gyðingar, verið þrælar í landinu í 400 ár. En upphaflega komu þeir til landsins sem frjálsir menn. Þeir höfðu yfirgefið Kanaanland vegna hungursneyðar og sest að á frjósömu svæði í norðurhluta Egyptalands. Hebreunum gekk allt í hagin þar til faraó nokkur, sem stóð stuggur af þeim, komst til valda og hnepti þá í þrældóm.

*Dóttir faraó tók Móse í fóstur og ól hann upp sem sinn eigin son.*





*Hebrear voru þrælar í Egyptalandi í 400 ár.*

Móse, sem sjálfur var hebrei, kom þeim til bjargar og tókst að telja faraó á að gefa þeim leyfi til að yfirgefa landið og halda aftur til Kanaanlands.

En Móse var ekki aðeins leiðtogi hebreanna. Guð ætlaði honum enn stærra hlutverk. Hann valdi Móse sem sendiboða sinn til að flytja mannkyni nýjan boðskap og ný lög. Gyðingdómur byggist að miklu leyti á kenningum Móse. Því má líta á hann sem stofnanda gyðingdóms.

### Arfsögn um Móse

*Um tíma var Móse hjarðmaður. Dag einn þegar hann var að gæta kinda úti í haga hljóp eitt lambið í burtu. Móse var lengi að eltast við það. Að lokum náði hann því þar sem það var að drekka úr læk. Hann sá að lambið var mjög þreytt eftir eltingarleikinn. Hann setti það á axlir sér og gekk með það aftur til hjarðarinnar. Þegar Guð sá þetta, ákvað hann að fela Móse að sjá um hjörð sína, þjóð Ísraels.*

## Boðorðin tíu

Þegar Ísraelsmenn höfðu verið um þrjá mánuði á göngu í eyðimörkinni, eftir að þeir fengu að yfirgefa Egyptaland, komu þeir að Síonfjalli. Þar á Guð að hafa talað við Móse og opinberað honum boðorðin tíu. Framar var minnst á fyrsta boðorðið. Hér koma nokkur boðorð til viðbótar sem skipta miklu máli í mannlegum samskiptum:



*Boðorðin tíu voru rituð á hebresku, eins og flest helgirit gyðinga.*

- Heiðra skaltu föður þinn og móður.
- Þú skalt ekki stela.
- Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum.

Guð opinberaði Móse ýmsar aðrar kenningar og lög auk boðorðanna tíu. Þegar Móse kom ofan af fjallinu sagði hann Ísraelsmönnum að þeir yrðu að hlýða þessum boðskap ef þeir vildu halda sáttmálann við Guð.

Þetta minnir á sáttmálann sem Guð gerði við Abraham: Ef fólkið lýtur leiðsögn Guðs mun því vel farnast en ef það brýtur sáttmálann mun Guð refsast því harðlega. Guð lofaði jafnframt að senda fólkinu annan boðbera, eins og Móse, þegar það þyrfti á því að halda í framtíðinni.

*Ég vil upp vekja þeim spámann meðal bræðra þeirra, slíkan sem þú ert, og ég mun leggja honum mín orð í munn, og hann skal mæla til þeirra allt það, er ég býð honum.*

*(Fimmta Mósebók 18:18)*

Móse leiddi þjóð sína að landamærum Kanaanlands en þá komust Ísraelsmenn að því að íbúar landsins vörnuðu þeim inngöngu. Eftir 40 ára dvöl í eyðimörkinni tókst þeim loks að brjóta inn í landið undir forustu Jósúa sem varð leiðtogi gyðinga eftir andlát Móse.



### 3 FYRIRHEITNA LANDIÐ



*Líkan af musteri Salómons í Jerúsalem.*

Þegar Ísraelsmenn voru komnir aftur til Kanaanlands hófst mikið framfaraskeið í sögu þeirra. Það náði hámarki með valdatíma Davíðs konungs sem gerði Jerúsalem að höfuðborg ríkisins. Sonur hans, Salómon, var einnig farsæll konungur. Hann lét reisa glæsilegt musteri í höfuðborginni þar sem Guð Ísraelsmanna var tilbeðinn.

Eftir daga Salómons klofnaði ríkið í tvennt. Óvinaherir réðust inn í landið, eyðilögðu musterið og ráku gyðingana í útlegð. Um það bil 200 árum síðar fengu þeir að snúa heim til sín og byggja musterið á ný.

En þó að Ísraelsmenn væru komnir aftur til „fyrirheitna landsins“, landsins sem Guð hafði heitið afkomendum Abrahams og Móse hafði leitt þá til eftir ánaudina í Egyptalandi, gátu þeir sjaldan um frjálst höfuð strokið því ýmsar þjóðir ásældust landið.

Árið 70 e. Kr. gerðu gyðingar uppreisn gegn Rómverjum, sem höfðu ráðið yfir landinu í rúmlega öld. Uppreisnin var bæld niður með harðri hendi. Jerúsalem var lögð í rúst og seinna musterið

brennt til grunna. Gyðingar voru annaðhvort drepnir eða reknir í útlegð. Þar með hófst um 2000 ára útlegð þeirra, sem gyðingar kalla dreifinguna (diaspora).

## Ofsóknir

Gyðingar urðu oft fyrir miklum ofsóknum í þeim löndum þar sem þeir settust að. Ekkert jafnast þó á við helförina, skipulagða tilraun þýskra nasista á tímum seinni heimsstyrjaldar (1939–1945) til að myrða alla gyðinga í Evrópu. Talið er að um 30% gyðinga í heiminum eða rúmlega 6 milljónir manna, hafi látið lífið við skelfilegar aðstæður í útrýmingarbúðum nasista, þar af um ein og hálf milljón barna.



*Þessi stytta af gyðingum í þrælkunar-búðum nasista er fyrir framan safnið Yad Vashem í Jerúsalem sem heiðrar minningu fórnarlamba stríðsins.*



*Anna Frank.*

## Dagbók Önnu Frank

Þegar nasistar hertóku Holland í heimsstyrjöldinni voru margir gyðingar handteknir og sendir í fangabúðir í Þýskalandi fyrir þær sakir einar að vera gyðingatrúar.

Unglingsstúlkan Anna Frank faldi sig ásamt fjölskyldu sinni og nokkrum öðrum gyðingum á efri hæð í húsi í borginni Amsterdam. Inngangurinn að íbúðinni var falinn bak við bókaskáp.

Fólkið var þarna í tvö ár en þá fundu nasistar felustaðinn og sendu þau öll í útrýmingarþúðir.

Anna dó í fangabúðunum, tveimur mánuðum áður en styrjöldinni lauk, aðeins 16 ára að aldri. Faðir Önnu, Ottó Frank, var sá eini af fjölskyldunni sem lifði fangabúðirnar af.

Eftir heimkomuna fann Ottó dagbók dóttur sinnar í húsinu í Amsterdam. Hún hafði skrifað hugrenningar sínar í bókina á hverjum degi sem þau dvöldu í húsinu. Einn daginn skrifaði hún: „Þrátt fyrir allt, trúi ég því að fólk sé í eðli sínu gott.“

Dagbók Önnu Frank var gefin út til minningar um hana og aðra gyðinga sem létu lífið í útrýmingarþúðunum. Hún hefur verið þýdd á fjölda tungumála, þar á meðal íslensku.

## Stofnun Ísraelsríkis



*Fáni Ísrael blaktir yfir fornum múrum Jerúsalem. Sexhorna stjarnan sem þrýðir fánann er oft kölluð Davíðs-stjarnan. Samkvæmt arfsögnum átti Davíð konungur skjöld með þessari stjörnu.*

Þjáningar gyðinga vöktu marga til meðvitundar um mikilvægi þess að gyðingar eignuðust sitt eigið land, til að koma í veg fyrir að slíkar ofsóknir endurtækju sig. Hugsjónamenn meðal gyðinga, svonefndir sionistar, börðust fyrir því að gyðingar fengju að stofnsetja ríki sitt í Palestínu, föðurlandi gyðinga til forna.

Eftir að styrjöldinni lauk með ósigri nasista var æðsta alþjóðastofnun heimsins, Sameinuðu þjóðirnar, sett á fót til að vinna að friði í heiminum. Ein af fyrstu ályktunum samtakanna var að heimila gyðingum að stofna sitt eigið ríki í Palestínu þar sem margir gyðingar höfðu sest að. Gyðingar lýstu yfir stofnun þess árið 1948 og kölluðu ríkið Ísrael. Þrátt tóku gyðingar víðs vegar að úr heiminum að flykkjast til nýja ríkisins.



## 4 HELGIRIT

Gyðingar eru stundum kallaðir „fólk bókarinnar.“ Bókin sem hér um ræðir er Tenakh, biblía gyðinga. Kristnir menn kalla Tenakh Gamla testamentið en það þykir gyðingum ónefni, því þeir líta svo á að þeirra helgirit séu ekki gömul heldur síung.

Tenakh samanstendur af 36 bókum, sömu ritunum og í Gamla testamentinu, en í annarri röð. Tenakh, sem er líka stundum kallað hebreska biblían, skiptist í þrjá meginhluta: Tóra (Mósebækurnar), Neví'im (Spámennirnir) og Ketuvim (Ritin). Nafnið Tenakh er dregið af upphafstöfum þessara þriggja rita: T N og K.



*Sproti er notaður við lestur Tóra til að vernda ritið gegn óhreinindum.*

### Tóra (Mósebækurnar)

Orðið Tóra þýðir kenning eða kennsla. Það er mikilvægasta helgiritið í hebresku biblíunni, því það inniheldur þann boðskap sem Móse flutti þjóðinni frá Guði. Tóra rekur auk þess ævi Móse og sögu gyðinga allt til þess tíma er þeir koma að landamærum fyrirheitna landsins, Kanaan. Bækur Móse eru fimm talsins.

Fyrsta Mósebók greinir frá sköpun jarðarinnar og mannkynsins. Að lokinni frásögninni af Nóa og syndaflóðinu er kastljósinu beint að ættfeðrunum: Abraham, Ísak og Jakobi.

Í annarri Mósebók er sagt frá því hvernig Móse bjargaði gyðingum úr þrældómi í Egyptalandi og leiddi þá áleiðis til fyrirheitna landsins. Ævi Móse er rakin og sagt frá ætlunarverki hans. Samkvæmt frásögn Biblíunnar valdi Guð Móse til að flytja Ísraelsmönnum boðskap sinn svo að þeir mættu lifa samkvæmt vilja hans. Köllun Móse náði hápunkti sínum á Sínaí fjalli þegar Guð ávarpaði hann og lét hann fá boðorðin tíu. Þetta voru þó ekki einu boðorðin eða lagafyrirmælin sem Guð opinberaði Móse. Þau eru í raun og veru 613 talsins og eru á víð og dreif um Tóra.

Þriðja og fjórða Mósebók innihalda mörg þessara lagafyrirmæla. Í fimmtu og síðustu Mósebók eru helstu atriði trúarinnar dregin saman og sagt frá andláti Móse.

### Kjarni gyðingdóms

*Fræðimaðurinn Hillel var uppi um árið 70 f. Kr. Hann nam helgiritin af miklu kappi. Dag einn kom maður nokkur að máli við Hillel. Þessi maður trúði ekki á Tóra og ætlaði að hæðast að trúnni. Hann sagði við Hillel: „Fræddu mig um Tóra á jafn skömmum tíma og ég get staðið á öðrum fæti. Ef þú getur það þá skal ég játa gyðingdóm.“ Hillel tók hann á orðinu og svaraði: „Það sem þér er á móti skapi skaltu ekki gera náunga þínum. Þetta er kjarninn í Tóra. Allt annað eru útskýringar.“ Manninum fannst svo mikið til um svarið sem Hillel gaf honum að hann fór að nema helgiritin og gerðist að lokum gyðingur.*

### Nevi'im (Spámennirnir)

Nevi'im inniheldur bækur spámannanna. Hér er átt við ýmsa spámenn sem leiðbeindu fólkinu eftir daga Móse. Þeir eru ekki taldir jafnir Móse en gegndu samt mikilvægu hlutverki. Þeir voru nokkurs konar samviska fólksins – brýndu fyrir því að halda sáttmálann sem Móse hafði gert við Guð og ávítuðu þjóðina ef þeir töldu að hún væri að villast af réttri braut. Líkt og orðið

spámaður bendir til spáðu þeir fyrir um framtíðina. Rit Jesaja, Jeremía og Esekíel, eru stærst þessara rita.

## Ketuvim (Ritin)

Síðasti hluti Tenakh (biblíu gyðinga) heitir Ketuvim eða Ritin. Þetta eru alls 13 bækur sem innihalda ljóð, söngva, sögulegar frásagnir og orðspeki.

### Dauðahafsritin

*Árið 1947 var smalastrákur að leita að týndri geit í Kumran, nálægt Dauðahafinu í Ísrael. Á þessu svæði eru margir hellisskútar. Strákurinn henti steini inn í einn hellinn til að athuga hvort geitin væri þar. Þá heyrði hann undarlegt brothljóð. Hann fór inn í hellinn til að athuga hvernig*



*stæði á þessu. Steinninn hafði hæft krukku sem var full af fornum handritum. Við hlið hennar voru margar aðrar krukkur, sem einnig innihéldu handrit.*

*Fræðimenn rannsökuðu handritin og komust að því að þau voru skrifuð á árunum 168–50 fyrir Krist. Þetta eru elstu handrit sem til eru af hebresku Biblíunni. Í dag eru þau varðveitt í safni í Jerúsalem.*

## Rit rabbína og fræðimanna

Meðal gyðinga varð snemma til hópur fræðimanna og andlegra kennara, svonefndra rabbína, sem eyddu lífi sínu í að nema helgiritin og útskýra þau. Hugleiðingum þeirra var safnað saman í margar bækur. Þekktasta ritið heitir Talmúd. Það er lagasafn með útskýringum sem fræðimenn gyðinga hafa samið. Ekkert

rit, að undanskildu Tóra, hefur haft eins mótandi áhrif á samfélag gyðinga. Efni þess fjallar um allt milli himins og jarðar sem viðkemur lífi gyðinga. Þar er líka að finna ýmsan hollan siðaboðskap, eins og þennan:

*Hver er hugrakkasta hetjan? Sá sem breytir óvini í vin.*

Haggadah er dæmi um aðra bók sem er mikið notuð við trúarathafnir. Í henni er fjallað um brottförina frá Egyptalandi. Fræðimenn söfnuðu einnig saman fróðleik um dulræn málefni. Úr því varð ritið Kabbalah.

## Viska rabbínanna

Frægir rabbínar nutu mikillar virðingar fyrir þekkingu sína og vísku. Ben Zoma var einn þeirra. Eftir honum er þetta haft:

*Hver er vitur? Sá sem lærir af hverjum manni.*

*Hver er auðugur? Sá sem er ánægður með hlutskipti sitt.*

Barúk rabbíni þótti hafa mikið innsæi eins og eftirfarandi saga ber með sér:

*Sonarsonur Barúks var einu sinni í feluleik með öðrum dreng. Hann faldi sig og beið í langa hríð. Hann hélt leikbróður sinn vera að leita að sér án árangurs. Þegar hann hafði beiðið mjög lengi, kom hann fram úr felustaðnum en sá hvergi hinn drenginn. Hann komst að því að félagi hans hafði aldrei leitað hans. Þá fór hann til afa síns og kvartaði yfir því hve drengurinn hefði verið vondur við sig. Við það táraðist rabbíninn og sagði: „Svo mælir Guð líka: Ég hyl mig en enginn vill leita mín.“*

## Messías

Í helgiritunum eru fyrirheit um að Guð muni senda mannkyni mikinn frelsara. Gyðingar trúa því að hann muni setjast í hásæti Davíðs og leiða þá til sigurs gegn óvinum þeirra. Þeir kalla þennan konung Messías en það þýðir hinn smurði á hebresku. Nafngiftin vísar til þess að þegar konungar gyðinga voru krýndir voru höfuð þeirra smurð í olíu.





*Á múrnum sem umlykur gamla hluta Jerúsalem eru mörg hlið inn í borgina. Hliðið á austurveggnum kallast náðarhliðið. Það er ekki lengur í notkun og hefur verið lokað. Margir gyðingar trú á því að Messías muni fara inn um þetta hlið þegar hann kemur. Þeir byggja það á orðum Esekíels spámanns, sem sá „Dýrð Drottins“ fara inn um hliðið sem til austurs vissi (Esekíel 40:6).*

Samkvæmt Biblíunni mun Elía spámaður koma á undan frelsaranum til að ryðja brautina fyrir hann. Annað tákn fyrir komu hans er að þá verður gyðingum aftur safnað saman í fyrirheitna landinu. Þar sem gyðingar trú ekki að Messías sé kominn neita sumir strangtrúaðir gyðingar að viðurkenna tilvist Ísraelsríkis.

Margir gyðingar eru líka sannfærðir um að þegar frelsarinn kemur muni musteri Salómons verða endurbyggt og dauðir muni rísa upp úr gröfunum. Friður muni ríkja í heiminum og allir menn lúta Guði, samanber orð Jesaja sem spáði því að á dögum Messíasar mundu þjóðir heimsins: „smíða plógjárn úr sverðum sínum og gagnlega hluti úr spjótum sínum.“ (Jesaja 2:4) ... „því að jörðin er full af þekkingu á Drottni, eins og djúp sjávarins er vötnum hulið.“ (Jesaja 11:9)

Gyðingar höfnuðu því að Jesú Kristur væri Messías því hann uppfyllti ekki spádóma helgiritanna að þeirra mati. Hann hefði til dæmis ekki verið konungur og ófriður hefði ríkt á dögum hans en ekki friður.



## Ljós fyrir þjóðirnar

Ísraelsmenn líta svo á að Guð hafi valið þá úr öllum heiminum til að vera „ljós fyrir þjóðirnar“ (Jesaja 49:6). Þeir byggja þetta meðal annars á þessum orðum Móse:

*Því að þú ert Drottni Guði þínum helgaður lýður. Þig hefir Drottinn Guð þinn kjörið til að vera eignarlýður hans umfram allar þjóðir sem eru á yfirborði jarðarinnar.*

(Fimmta Mósebók 7:6)

Í helgiritunum er fjallað um ýmis atriði sem eiga að einkenna þá sem eru „eignarlýður Guðs“. Góðvild við ókunnuga er þar efst á blaði:

*Eigi skalt þú hefnisamur vera né langrækinn við samlanda þína en þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig. Ég er Drottinn.*

(Þriðja Mósebók 19:18)

### Fróðleiksmoli:

*Þegar gyðingar heilsast segja þeir: shalom sem þýðir friður á hebresku.*

Menn eiga að sýna kærleika sinn í verki með því að vera örlátir í garð annarra:

*Þú skalt fúslega upp ljúka hendi þinni fyrir bróður þínum, fyrir þurfamanninum og hinum fátæka í landi þínu.*

(Fimmta Mósebók 15:11)

Til að uppfylla þessar skyldur eiga gyðingar að gefa 10% tekna sinna til líknarmála. Á mörgum heimilum gyðinga er lítið box, svonefnt „tzedaka“ sem þýðir örlæti á hebresku. Peningarnir sem settir eru í boxið renna til líknarmála. Foreldrarnir hvetja börnin sín til að gefa reglulega í þennan sjóð. Þannig venjast börnin snemma á að hugsa um þá sem minna mega sín í þjóðfélaginu.

Það er álitin mikil dyggð að sýna þeim sem eru ferðalangar gestrisni og gefa hungruðum mat. Gyðingar eiga líka að heimsækja sjúka, hugga þá sem syrgja, annast aldraða og vera góðir við dýrin.

*„Ég er gyðingur því móðir mín er gyðingur. Samkvæmt okkar trú erfir barnið trú móður sinnar. Móðir mín ól mig upp í gyðingdómi og trúin er ríkur þáttur af sjálfsmynd minni.“*

*Michael A. Levin*



*Michael ólst upp í Bandaríkjunum en býr á Íslandi ásamt konu sinni og börnum.*

*Sá sem öðrum hjálpar verður sjálfum hjálpað. Sá sem aðra mettar, verður sjálfur mettur.*

*Úr Orðskviðum Salómons*

## 5 HELGISTAÐIR

„Veröldin er gædd tíu greinum fegurðar og af þeim tíu hafi níu fallið Jerúsalem í skaut.“ Þessi orð eins fræðimanns gyðinga lýsa ágætlega þeirri lotningu sem gyðingar bera fyrir borginni en innan hennar er helgasti staður þeirra, musterishæðin, þar sem bæði fyrra og seinna musteríð stóð. Borgin er einnig mjög heilög í augum kristinna manna og múslima.



*Musterishæðin í Jerúsalem. Þar eru nú tvær miklar moskur, guðshús múslima.*

Vesturveggurinn er það eina sem eftir er af gamla musterinu. Hann er betur þekktur sem grátmúrinn því pílgrímarnir sem biðjast þar fyrir kveina og fella tár þegar þeir fara með bænir sínar. Þeim verður ef til vill hugsað til fyrri kynslóða sem þráðu að komast til Jerúsalem en var meinað um það. Einn pílgrímanna lýsti þannig reynslu sinni þegar hann kom fyrst að grátmúrnum: „Þegar ég lagði hendurnar á þennan stórfenglega helgidóm forfeðra minna, fann ég streyma um mig ljós og orku á þann hátt sem ég hafði aldrei upplifað áður. Á þessu augnabliki fann ég til samstöðu með gyðingum á öllum tímabilum sögunnar.“



*Pílagrímar lesa úr helgiritum og biðjast fyrir við grátmúrinn. Kynin eru höfð aðskilin við bænargjörðina. Karlarnir eru vinstra megin og konurnar hægra megin.*

Pílagrímarnir tóna vers úr helgiritunum við grátmúrinn og fara með bænir. Á hátíðum og helgidögum trúarinnar fjölmenna gyðingar að þessum stað.

Margir pílagrímar heimsækja líka grafhýsi Davíð konungs, sem einnig er innan gömlu borgarmúranna.

Grafhýsi ættfeðranna í Hebron er næst helgasti staður gyðinga. Þar er talið að ættfeður gyðinga, þeir Abraham, Ísak og Jakob, séu grafnir. Abraham var faðir Ísaks, sem var faðir Jakobs. Ættmæður gyðinga munu einnig vera grafnar þarna, þær Sara, eiginkona Abrahams, Rebekka, kona Ísaks og Lea, eiginkona Jakobs.

Í Ísrael er fjöldi annarra staða sem tengjast sögu gyðingdóms, svo sem gröf ættmóðurinnar Rakelar í Betlehem. Davíð konungur fæddist einnig í þeirri borg.

Davíð konungur var mikið sálmaskáld.

*Drottinn er minn hirðir  
mig mun ekkert bresta.*

*Úr 23. Davíðssálmi*

*Þitt orð er lampi fóta minna  
og ljós á vegum mínum.*

*Úr 119. Davíðssálmi*



## 6 SÝNAGÓGAN (samkunduhúsið)



*Þessi stóra sýnagóga er í nýrri hluta Jerúsalemborgar.*

Bænahús gyðinga heitir sýnagóga sem þýðir samkunduhús. Eins og nafnið bendir til eru sýnagógur hjarta safnaðarlífsins. Þær hafa gegnt lykilhlutverki í að varðveita menningu gyðinga í gegnum aldirnar. Þegar musterið í Jerúsalem var lagt í rúst af Rómverjum árið 70 eftir Krist og Ísraelsmenn hraktir í burtu frá ættjörð sinni, ákváðu leiðtogar þeirra að reisa sýnagógur í þeim löndum þar sem hópar gyðinga höfðu sest að svo að þeir gætu haldið áfram að koma saman til guðsþjónustu.

Engar sérstakar reglur eru til um það hvernig sýnagógur eigi að líta út að utan. Þær er yfirleitt lagaðar að byggingarstíl hvers lands fyrir sig. Að innanverðu eru þær hins vegar svipaðar í öllum meginatriðum. Á veggnum sem veit til Jerúsalem er stór skápur. Hann inniheldur handskrifuð eintök af Tóra (Mósebókunum) sem eru vafin upp á kefli. Þetta eru mestu dýrgripir sýnagógunnar og þeim er sýnd mikil lotning. Við guðsþjónustur eru handritin tekin

út úr skápnunum og lesið úr þeim. Nýr kafli er lesinn í hvert sinn þar til lokið er við allt helgiritið, þá er byrjað að nýju.

## Rabbínar

Leiðtogi safnaðarins kallast rabbíni sem þýðir „meistari minn“. Starf hans er ekki ósvipað starfi prestsins í kristinni kirkju. Rabbíninn stjórnar guðsþjónustum, flytur predikanir, fræðir börn og unglínga um trúna og annast margs konar helgiathafnir. Venjulega mega aðeins karlar gegna starfi rabbína en í seinni tíð hafa konur einnig fengið að taka að sér þetta starf hjá framsæknustu söfnuðunum.

*„Hlutverk mitt sem rabbíni er að leiða söfnuðinn, samfélag fólks sem vill starfa saman og biðja saman. Ég sé um að skipuleggja safnaðarstarfið og veita fólki svör við andlegum spurningum þess um gyðingdóm. Auk þess stjórna ég ýmsum helgiathöfnum, svo sem hjónavígslum og jarðarförum.“*



*Meir Azari er rabbíni við sýnagógu í Tel Aviv.*

Á sunnudögum og stundum eftir skóla á virkum dögum sækja börn gyðinga kennslustundir sem rabbíninn annast í sýnagógunni. Þau nema Tóra, læra hebresku, svo að þau geti lesið helgiritin á frummálinu, og fræðast um sögu gyðinga.

## Bar/Bat mitzvah (fermingin)

Þegar gyðingadrengur nær 13 ára aldri verður hann bar mitzvah, sonur lögmálsins sem þýðir að nú er hann orðinn nógu gamall til að halda öll fyrirmæli Guðs. Í tilefni af þessum tímamótum í



*Bar mitzvah athöfn í sýnagögu í Tel Aviv, Ísrael.*

lífi drengsins er haldin sérstök guðsþjónusta í sýnagögunni þar sem hann fær í fyrsta sinn að lesa upphátt úr Tóra fyrir söfnuðinn. Helgiritið er skrifað á hebresku og þarf drengurinn því að geta lesið hebreskt letur og borið málið skammlaust fram. Hann þarf líka að geta svarað spurningum um trúna sem rabbíninn leggur fyrir hann við athöfnina. Drengurinn sækir tíma hjá rabbínanum

mánuðum saman til að undirbúa sig fyrir daginn.

Gyðingastúlka verður bat mitzvah, dóttir lögmálsins, við tólf ára aldur. Strangtrúarsöfnuðir leyfa stúlkum ekki að lesa upphátt úr Tóra við þetta tækifæri, því samkvæmt hefðinni eru það eingöngu karlmenn sem mega gera það. Íhaldsömustu söfnuðirnir halda jafnvel ekkert upp á þennan dag þar sem hans er ekki getið í Tóra. Meðal frjálslyndari safnaða fá stúlkur hins vegar að lesa úr helgiritunum á sama hátt og drengir þegar þær eru orðnar 13 ára.

Sumir söfnuðir hafa auk þess sérstaka athöfn fyrir ungmennin þegar þau eru orðin 16 ára. Við þá athöfn staðfesta þau trú sína frammi fyrir söfnuðinum.

*„Ég undirbjó mig í tvo mánuði fyrir mitt bar mitzvah. Ég sótti 10 tíma hjá rabbínanum og hann kenndi mér að tóna úr Tóra. Eitt af fögunum í skólanum mínum fjallar líka um Biblíuna og ég verð að standast erfitt próf í lok námsins.“*



*Sahar, 13 ára.*



## Hjónavígslur



*Hjónavígsla undir berum himni í Ísrael. Skeggjaði maðurinn til hægri á myndinni er rabbíninn sem gefur brúðhjónin saman.*

Eitt af ánægjulegustu störfum rabbínans er að gefa fólk saman. Hjónavígsla heitir kiddushin á hebresku sem þýðir heilagt, því gyðingar líta svo á að hjónabandið sé heilög stofnun. Til merkis um það þarf brúðguminn að skrifa undir skjal þar sem hann heitir því að annast vel um verðandi konu sína. Áður fyrr var vígslan oftast haldin utan dyra en nú á tímum er algengast að hún eigi sér stað í sýnagógu.

Vígslan fer fram undir litlum tjaldhimni. Hann er tákn fyrir heimilið sem brúðhjónin ætla að stofna. Athöfninni lýkur með því að brúðguminn setur glas á gólfið og brýtur með því að stíga ofan á það. Ekki er vitað með vissu hvers vegna þetta er gert. Ein kenningin er sú að þetta eigi að minna brúðhjónin á eyðileggingu musterisins í Jerúsalem.



## Andlát



*Jarðarför á Olíufjallinu. Gyðingar sækjast eftir því að vera grafnir þarna, því grafreiturn er aðeins steinsnar frá borgarmúrum Jerúsalem.*

Við jarðarför fer rabbíni með bænir og minnst hins látna. Um leið og kistan er sett í gröfina tónar hann kaddish, bæn fyrir hinum látnu.

Lífið í þessum heimi er álitíð vera undirbúningur undir líf í næsta heimi eins og eftirfarandi orð rabbínans Jakobs vitna um: „Þessi heimur er eins og anddyri. Undirbúðu þig í anddyrinu svo að þér verði hleypt inn í salinn. Betri er ein stund yfirbótar og góðra verka en allt lífið í komandi heimi og betri er ein sælustund í næsta heimi en allt líf þessa heims.“

## Matarvenjur

Rabbíninn þarf líka að fræða meðlimi safnaðarins um lög trúarinnar og útskýra þau. Dæmi um slík lög eru fyrirmæli varðandi hvers konar mat gyðingar mega borða. Maturinn verður að vera „kosher“, sem merkir að hann sé leyfilegur samkvæmt þeim ritningartextum í Mósebókunum sem fjalla um mataræði.

Gyðingar mega borða alls konar grænmeti og ávexti en bara sumt kjöt. Til dæmis mega þeir ekki borða svínakjöt. Ekki má blanda saman kjöti og mjólkurvörum. Þegar dýr eru aflífuð verður að gera það á sérstakan hátt, svo að þau þjáist sem minnst. Annars eru þau ekki „kosher“. Ef upp koma vafaatriði er það rabbínans að skera úr um það. Rabbínar fylgjast líka með því að matsölustaðir sem auglýsa að þeir selji eingöngu „kosher“ mat geri það í raun og veru.

## 7 HEIMILIÐ

Margar trúarathafnir fara fram innan veggja heimilisins. Foreldrar kenna börnunum sínum að fara með bænir og lesa helgiritin. Hvíldardagurinn, sabbat, er haldinn hátíðlegur einu sinni í viku í faðmi fjölskyldunnar. Aðrar hátíðir og helgidagar setja einnig mikinn svip á fjölskyldulífið.

### Bænalíf

Þegar börnin fara að sofa á kvöldin segja foreldrar þeirra bænir með þeim. Þannig læra börnin að meta trúararfleifð foreldra sinna.

Karlmenn eiga að biðjast fyrir þrisvar á dag, á morgnana, eftir hádegi og á kvöldin en konum er ekki skylt að gera það. Ef gyðingar geta ekki farið í sýnagóguna til að biðjast fyrir, biðjast þeir fyrir heima hjá sér.

Mikilvægasta bænin heitir shema. Hún er nokkurs konar trúarjátning gyðinga. Trúin á einn Guð kemur skírt fram í bæninni, en textinn er tekinn úr fimmtu Mósebók. Bænin hefst þannig:

*Heyr Ísrael! Drottinn er vor Guð; hann einn er Drottinn. Þú skalt elska Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.*

*(Fimmta Mósebók 6: 4–5)*



*Rebekka snertir lítið helgiskrín, svonefnt mezuzah, um leið og hún gengur inn um útidyrnar á heimili sínu. Samskonar helgiskrín eru hengd á dyrakarmana í öllum herbergjum hússins, samkvæmt fyrirmælum í Tóra, aðal helgiriti trúarinnar. Hylkið inniheldur skrautritað blað með shema-bæninni.*

*minnst á. Hún er ekki eingöngu sögð við jarðarfari, heldur einnig notuð sem morgunbæn. Margir gyðingar fara líka með amidað sem er þögul bæn. Í þessari bæn er beðið fyrir betri heilsu, vísku, vernd og komu Messíasar.*

Borðbænir eru sagðar bæði á undan og á eftir matnum. Brauðið er blessað með þessum orðum:

*Blessaður sért þú, ó, Drottinn Guð vor, stjórnandi alheimsins, sem lætur jörðina gefa af sér brauð.*

*Pílagrímur treður bæn, sem hann hefur skrifað á bréfsnepil, inn í glufu á*



*grátmúrnum. Maðurinn hefur sveipað um sig bænasjali. Neðan úr því hanga 613 þræðir sem tákna lögin í Tóra sem gyðingar eiga að fylgja. Á höfðinu er hann með kollhúfu (kippah) til merkis um auðmýkt sína gagnvart Guði.*

*Taktu eftir leðurólinni sem vafin er um vinstri handlegginn og litla hylkinu á enni mannsins. Hann er líka með hylki á vinstri handleggnum en það sést ekki á myndinni. Hylkin innihalda shema-bænina og tvær ritningar úr annarri Mósebók. Karlmennt setja þetta á sig við guðsþjónustur í samræmi við fyrirmæli úr helgiritunum. Siðurinn minnir þá á að halda sáttmála Guðs.*

Bænaþók gyðinga heitir siddur. Þegar karlmenn biðjast fyrir sveipa þeir um sig bænasjali og hafa kollhúfu (kippah) á höfðinu. Kollhúfan er oft skreytt með trúartáknum gyðinga, eins og til dæmis Davíðsstjörnunni eða sjö arma ljósastjaka. Það er ekki eins

algennt að konur klæðist þannig við bænagjörð en þekkist þó meðal frjálslyndari safnaða.

Mörgum þykir skrítið að sjá hvernig gyðingar beygja sig stöðugt upp og niður eða sveifla líkamanum til hliðanna þegar þeir biðjast fyrir. Með þessu eru þeir að sýna Orði Guðs auðmýkt. Auk þess hjálpar þetta þeim að einbeita sér að bæninni.

## Hvíldardagurinn

Á hverju föstudagskvöldi kemur fjölskyldan saman til að borða hátíðarmat við upphaf hvíldardagsins sabbat. Á undan máltíðinni kveikir móðirin á tveimur kertum og fer með bæn. Faðirinn blessar börnin og tónar vers úr helgiritunum. Hann þakkar Guði fyrir vinið og brauðið. Eftir máltíðina er ekki óalgennt að fjölskyldan nemi helgiritin saman og syngi sálma.

Á sabbat eiga gyðingar að taka sér algjöra hvíld frá erli hversdagsins og minnst Guðs. Mikilvægur þáttur í hátíðarhöldunum er að sækja guðspjónustu í sýnagógunni. Hvíldardagurinn hefur þá sérstöðu að hann er eina hátíðin sem minnst er á í boðorðunum tíu. Fjórða boðorðið hljómar þannig:

*Minnstu þess, að halda hvíldardaginn heilagan. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk, en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni, Guði þínum.*



*Móðir kveikir á tveimur kertum við upphaf hvíldardagsins. Stundum fá stúlkur líka að gera þetta.*

*Önnur Mósebók 20:8–10*



## 8 MERKISDAGAR ÁRSINS

Hátíðir og helgidagar ársins mynda það munstur sem fjölskyldulíf gyðinga og samfélagslíf þeirra er ofið úr.

### Dagatalið

Á Íslandi nota flestir gregoríska dagatalið, sem miðast við sólár. Dagatal gyðinga byggist hins vegar á gangi tunglsins. Mánuðirnir hefjast á nýju tungli.

Fyrsti mánuður ársins heitir Nissan og er í mars eða apríl. Upphaflega voru áramót á fyrsta degi Nissan en þegar gyðingar voru útlagar í Babýlon ákváðu þeir að breyta þessu og miða nýtt ár við uppskeruhátíð sem átti sér stað í sjöunda mánuði ársins, Tishri, en hann hefst í september eða október.

Gyðingar miða dagatal sitt við tímann frá sköpun heimsins. Rabbínar komust að því hvenær þetta ætti að hafa gerst með því að leggja saman aldur þess fólks sem greint er frá í Biblíunni, kynslóð fram af kynslóð. Svo dæmi sé tekið, þá samsvarar árið 5765 í dagatali gyðinga árinu 2005 í gregorísku tímatali.

### Mánuðir ársins

1. Nissan
2. Iyar
3. Sivan
4. Tammuz
5. Av
6. Elul
7. Tishri
8. Cheshvan
9. Kislev
10. Tevet
11. Shevat
12. Adar

### Hátíðir og helgidagar

Dagatalið inniheldur 13 helgidaga og hátíðir, að frátöldum sabbat (hvíldardeginum). Mikilvægastir þessara daga eru helgidagarnir roshashanah (nýársdagur) og jom kippur (friðþægingardagurinn) og hátíðirnar shavuot (viknahátíðin), sukkot (laufskálahátíðin), simchat Tóra, hanukkah (ljóshátíðin), púrím og pesach (páskar). Í næsta kafla er sagt stuttlega frá þessum sérstöku dögum.

## Háhelgidagar

Gyðingar kalla rosh hashanah (nýársdaginn) og jom kippur (friðþægingardaginn), sem hefst tíu dögum seinna, háhelgidaga, því að á þessu tímabili gera gyðingar sérstakt átak til að lifa í samræmi við lög Guðs og bæta ráð sitt ef þeir hafa gert á hlut einhvers.

Á rosh hashanah minnst gyðingar þess að Guð er skapari lífsins. Rabbíni blæs í hrútshorn (shofar á hebresku) í sýnagógunni, til minningar um hrútinn sem Abraham fórnaði í stað sonar síns (fyrsta Móse-bók 22:13). Í musteri gyðinga í Jerúsalem til forna var til siðs að fórna hrúti til að friðþægja þær syndir sem fólkið hafði drýgt. Að friðþægja þýðir að bæta fyrir. Næstu tíu daga eftir nýárshátíðina leggja gyðingar sig fram um að iðrast synda sinna (sjá eftir því sem þeir hafa gert rangt).

Ekki eru þó allir siðir sem tengjast þessum tíma grafalvarlegir. Til dæmis gera fjölskyldur það sér til gamans í tilefni nýársdagsins að borða eplabita sem er dýft í hunang. Þessi siður á að gefa fyrirheit um að árið sem er framundan verði árangursríkt og ánægjulegt.

Iðrunartímabilinu lýkur á jom kippur, helgasta degi ársins. Þá er þess minnst að menn verða að standa Guði reikningsskil gerða sinna í lífinu. Gyðingar undirbúa sig undir daginn með því að þvo sér í sérstakri laug og fasta í sólarhring. Að fasta þýðir að neita sér um mat.

Á jom kippur eru guðsþjónusturnar lengri og með alvarlegra yfirbragði en venjulega. Fólk játar syndir sínar og sérstakar iðrunarbætur eru sagðar. Deginum lýkur með því að rabbíninn blæs aftur í hrútshornið.



*Blásið í hrútshorn á Rosh Hashanah (nýárshátíðinni).*

## Shavuot (viknahátíðin)

Shavuot þýðir „vikur.“ Hátíðin er haldin til minningar um það þegar Guð lét Móse hafa boðorðin tíu á Sínaí fjalli. Upphaflega var þessi hátíð tengd fyrstu uppskeru ársins. Þess vegna eru sýnagógur skreyttar að innan með gróðri og fólkið borðar mat sem unninn er úr mjólk eins og til dæmis ostakökur.

## Sukkot (laufskálahátíðin)



*Þessi laufskáli líkist þeim sem Ísraelsmenn reistu í eyðimörkinni.*

Laufskálahátíðin stendur yfir í níu daga. Hún er haldin til minningar um eyðimerkurför Ísraelsmanna frá Egyptalandi til fyrirheitna landsins. Sumar fjölskyldur útbúa laufskála í garðinum heima hjá sér. Þeir eiga að líkjast laufskálunum sem gyðingar notuðu í eyðimörkinni. Skálinn er búinn til úr pálmagreinum og

skreyttur með ávöxtum og ef til vill pappírsskrauti og sælgæti. Fjölskyldan borðar í skálanum meðan á hátíðinni stendur og ef veður leyfir sofa jafnvel sumir í þeim.

Hátíðinni er líka fagnað í sýnagógunni. Hluti guðsþjónustunnar felst í því að fólkið gengur í skrúðgöngu hringinn í kringum samkunduhúsið. Það heldur á pálmagreinum, myrtu, pílvið og etrog, en það er ávöxtur sem líkist sítrónum.

Síðasti dagur hátíðarinnar heitir simchat Tóra, sem þýðir „að gleðjast yfir Tóra“. Síðasti kaflinn í fimmtu Mósebók er lesinn í sýnagógunni og í beinu framhaldi er upphafið á fyrstu Mósebók lesið, til merkis um það að orð Guðs endar aldrei. Þegar gengið er með bókrollurnar um samkunduhúsið við lok guðsþjónustunnar dansar fólkið og börn veifa litríkum fánum.

## Hanukkah (ljósa hátíðin)

Í nóvember–desember halda gyðingar hátíð sem heitir hanukkah. Orðið þýðir „að vígja.“ Það vísar til endurvígslu musterisins í Jerúsalem árið 164 fyrir Krist, þegar gyðingurinn Júdas Makkabeus og menn hans unnu sigur á Sýrlendingum. Antíokkus Epiþfanés, konungur Sýrlendinga, hafði ekki aðeins bannað gyðingum að stunda trú sína, heldur hafði hann einnig vanhelgað musteríð með því að fórna þar svínum. Þar sem svínið er óhreint dýr í augum gyðinga, var þeim gróflega misboðið og þeir gerðu uppreisn gegn kúgurum sínum. Þegar Ísraelsmenn höfðu náð musterinu aftur á sitt vald hreinsuðu þeir það af guðalíkneskjum sem hafði verið komið þar fyrir en eins og sagt var frá hér að framan er tilbeiðsla á líkneskjum bönnuð í gyðingdómi.

Gyðingarnir kveiktu á stórum lampa í musterinu með olíu en áttuðu sig þá á því að olían mundi aðeins duga í einn dag. Þeir leituðu ákaft um alla borgina að meiri olíu en fundu hana hvergi. En það undarlega gerðist, segir sagan, að olían dugði í átta daga. Þetta var talið merki þess að Guð hefði komið gyðingum til bjargar, því hann hefði verið svo ánægður með að þeir höfðu náð musterinu á sitt vald á ný.

Hátíðin stendur í átta daga. Á hverjum degi er kveikt á nýju kertum á átta arma ljósastriku, þar til búið er að kveikja á þeim öllum.

*„Á síðasta hanukkah kveiktum við á kertum og sungum söngva á hebresku. Svo fengum við gjafir frá mömmu og pabba. Við fórum líka í teningaspil sem heitir dreidel.“*



*Rebekka kveikir á hanukkah-kertum.*



## Púrím



*Í hvert sinn sem nafn Hamans er nefnt í frásögninni lætur fólk ið andúð sína í ljós með því að sveifla hrossabresti.*

Á púrím-hátíðinni er öll Esterarbók, ein af bókum Tenakh (Gamla testamentisins), lesin upphátt í samkunduhúsinu. Í ritinu er sagt frá því hvernig Ester drottning í Persíu bjargaði gyðingum í landinu frá bráðum bana.

Ester var gyðingur en eiginmaður hennar, Ahasverus Persakonungur, vissi það ekki því hún hafði leynt hann því. Æðsti ráðherra landins, maður að nafni Haman, leit stórt á sig og krafðist þess að þegnarnir hneigðu sig djúpt fyrir honum í hvert sinn sem þeir mættu honum. Allir gerðu þetta möglunarlaust nema gyðingar, sem vildu ekki hneigja sig fyrir neinum nema Guði. Haman varð öskureiður og ákvað að útrýma öllum gyðingum í landinu fyrir að óhlýðnast sér.

Frændi Esterar, Mordecai, var einn þeirra sem neituðu að bugta sig fyrir ráðherranum. Hann hitti Ester á laun og benti henni á að líf allra gyðinga í landinu væri í hættu, þar á meðal hennar eigið.

Ester ákvað að taka til sinna ráða til að koma í veg fyrir illan ásetning Hamans. Hún bauð konunginum og ráðherranum til veislu. Haman var upp með sér að vera boðið í veisluna sem hann hélt að væri til heiðurs sér. En honum brá í brún þegar Ester sagði konunginum að líf hennar væri í hættu og að valdamikill maður væri að undirbúa tilræði við hana. Konungurinn bað hana segja sér hver það væri.

*„Ég held mikið upp á þúrím-hátíðina, vegna þess að þá eru allir í svo góðu skapi. Fólkið mætir í sýnagóguna í skrautlegum búningum og allir fá sælgæti. Það er frí í skólanum og við höldum partí með vinum okkar. Svo förum við líka í skrúðgöngu um göturnar.“*

*Ma'ayan.*



Ester sagði honum þá að það væri enginn annar en ráðherrann, Haman, sem sat til borðs með þeim. Þannig komst upp um ráðabrug hans. Gyðingunum var borgið en konungurinn lét þess í stað taka Haman af lífi.



*Þúrímskrúðganga í stærstu borg Ísraels, Tel Aviv.*

## Pesach (páskar)

Pesach er ein mikilvægasta hátíð gyðinga. Hún á rætur sínar að rekja til þess tíma þegar Ísraelsmenn voru þrælur í Egyptalandi. Faraó (konungurinn) neitaði að verða við ósk Móse um að leyfa þeim að yfirgefa landið. Samkvæmt Biblíunni lét Guð þá tíu plágur herja á Egypta. Síðasta plágan var hræðilegust þeirra allra. Engill dauðans fór inn á heimili allra Egypta og drap elsta soninn í hverri fjölskyldu. Hann fór hins vegar framhjá heimilum Ísraelsmanna, því Móse hafði sagt þeim að auðkenna heimili sín með því að smyrja lambsblóði á útidyrnar. Af þessu er heiti hátíðarinnar dregið, en pesach þýðir „framhjágangur.“

Páskahátíðin hefst með máltíð sem heitir seder. Þegar faðirinn er búinn að blessa vínið og brjóta brauðið, borðar fjölskyldan mat



*Rebekka syngur páskasöngva með föður sínum, Michael A. Levin.*

sem er táknrænn fyrir þjáningar Ísraelsmanna í Egyptalandi. Meðan á máltíðinni stendur er saga páskanna lesin úr bók sem heitir Haggadah. Yngsta barnið í fjölskyldunni spyr föður sinn fjögurra spurninga um tilurð hátíðarinnar. Spurningarnar og svörin

eru alltaf þau sömu. Fyrsta spurningin er þannig: „Hvers vegna er þessi nótt öðruvísi en allar aðrar nætur?“ Faðirinn svarar: „Vér vorum þrælur faraós í Egyptalandi en hinn eilífi Guð vor leiddi oss þaðan sterkri hendi og útréttum armi.“ Í lokin syngur fjölskyldan saman söngva er tengjast páskunum.

Vikuna sem hátíðin stendur borða gyðingar aðeins ósýrt brauð til að minnst þess að þegar forfeður þeirra yfirgáfu Egyptaland í miklum flýti gafst þeim ekki tími til að láta degið gerjast. Þess vegna eru páskar líka stundum kallaðir „hátíð hinna ósýrðu brauða“.



## Mikilvæg ártöl

- 2000 f. Kr. Abraham fer til Kanaanlands.
- 1700–1290 f. Kr. Hebrear (Ísraelsmenn) setjast að í Egyptalandi.
- 1392 f. Kr. Fæðing Móse.
- 1312 f. Kr. Móse leiðir Ísraelsmenn út úr Egyptalandi. Boðorðin tíu opinberuð.
- 1272 f. Kr. Ísraelsmenn leggja Kanaanland undir sig.
- 1000 f. Kr. Davíð verður konungur.
- 900 f. Kr. Fyrri musterið rís í Jerúsalem.
- 598 f. Kr. Musterið eyðilagt. Gyðingar herleiddir til Babýloníu.
- 538 f. Kr. Gyðingar fá að snúa aftur til Kanaanlands. Seinna musterið reist.
- 168 f. Kr. Antíokkus Sýrlandskonungur gerir musterið í Jerúsalem að heiðnum helgidómi.
- 167–164 f. Kr. Uppreisn undir forustu Júdasar Makkabeusar. Jerúsalem er frelsuð og musterið vígt á ný.
- 63 f. Kr. Rómverjar leggja Palestínu undir sig.
- 66–70 e. Kr. Gyðingar gera uppreisn gegn Rómverjum.
- 70 e. Kr. Rómverjar leggja Jerúsalem í rúst. Seinna musterið eyðilagt.
- 132 e. Kr. Gyðingar gera aðra uppreisn gegn Rómverjum.
- 135 e. Kr. Uppreisnin er bæld niður. Gyðingum bannað að koma til Jerúsalem.
- 1939–1945 Seinni heimsstyrjöldin. Milljónir gyðinga láta lífið í útrýmingarþúðum nasista.
- 1947 Sameinuðu þjóðirnar samþykkja skiptingu Palestínu milli araba og gyðinga. Arabar mótmæla samþykktinni.
- 1948 Ísraelsríki stofnsett. Ófriður brýst út.



## Ítarefni

Gunnar J. Gunnarsson: *Maðurinn og trúin*. 1996. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

*Gyðingdómur* (myndband). 2005. Námsgagnastofnun. Reykjavík.

*Trúarbrögð heimsins í mynd og máli*. 1998. Mál og menning. Reykjavík.

*Þjóð Guðs: sögur úr Gamla testamentinu*. 1997. Mál og menning. Reykjavík.

## Atriðisorð

|  |        |                                    |              |  |               |
|--|--------|------------------------------------|--------------|--|---------------|
| Abraham                                | 7, 8   | Hjónavígsla                        | 27           | Sáttnálinn                             | 8             |
| Anna Frank                             | 13     | Ísrael                             | 6, 7, 14, 23 | Sabbat (hvíldar-<br>dagurinn)          | 31, 29        |
| Bar Mitzvah/Bat Mitzvah<br>(fermingin) | 25     | Jarðarfarir                        | 28           | Shalom                                 | 20            |
| Boðorðin tíu                           | 7, 11  | Jerúsalem                          | 12, 22       | Shavuot (vikuhátíðin)                  | 34            |
| Bænir                                  | 29     | Kanaanland (fyrirheitna<br>landið) | 7, 8, 11     | Shema                                  | 29            |
| Dagatalið                              | 32     | Matarvenjur                        | 28           | Simchat Tóra                           | 32            |
| Davíð konungur                         | 12, 14 | Mánuðir ársins                     | 32           | Sukkot (laufskála-<br>hátíðin)         | 34            |
| Dauðahafsrítin                         | 17     | Messías                            | 18           | Sýnagógur                              | 24            |
| Diaspora (dreifingin)                  | 13     | Mezuzah                            | 29           | Talmúd                                 | 17            |
| Fjölskyldulíf                          | 29     | Móse                               | 9            | Tenakh                                 | 15            |
| Grátmúrin                              | 22, 23 | Musterið                           | 12           | Tóra (Mósebækurnar)                    |               |
| Haggadah                               | 18, 38 | Pesach (páskar)                    | 38           |  | 7, 15, 24, 26 |
| Hanukkah<br>(ljósahátíðin)             | 35     | Púrím                              | 36           | Jom Kippur (friðþæg-<br>ingardagurinn) | 32, 33        |
| Helförin                               | 13     | Rabbínar                           | 25           | Útbreiðsla                             | 6             |
| Helgidagar                             | 32     | Rosh Hashanah (nýárs-<br>dagur)    | 32, 33       |  |               |
| Helgirit                               | 15     | Salómon                            | 12           |  |               |
| Helgistaðir                            | 22     | Sameinuðu þjóðirnar                | 14           |  |               |

# GYÐINGDÓMUR

## – SÁTTMÁLI ÞJÓÐAR

Bókin Gyðingdómur – sáttmáli þjóðar er ætluð til trúarbragðafræðslu á miðstigi grunnskóla.

Rakin er saga trúarbragðanna og sagt frá helstu helgiritum, siðum og hátíðum. Einnig er rætt við íslenska gyðinga.

Kennaraefni er fánlegt á vef Menntamálastofnunar, [www.mms.is](http://www.mms.is)

**m** MENNTAMÁLASTOFNUN  
40138

